

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hafði sent mjer bónarbrjef, þar sem fröken Anna Melsteð, dóttir málaflutningsmanns Páls Melsteðs hjer í bænum, fer því á flot, að hún, eptir að hafa í 1 ár notið kennslu á mjólkurbúi í Danmörku í smjör- og ostagjörð, fái um 3 ár 200 króna árlegan styrk úr landssjóði með því skilyrði, að hún þessi ár veiti þeim, er þess óska, tilsoðn í meðferð á mjólk og annari innanbæjarbúsýslu, hefi jeg veitt beiðandanum hinn umbeidda styrk fyrst um sinn um eitt ár frá 1. ágúst þ. á.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta herra amtmaður, skal jeg geta þess, að fröken Anna Melsteð fyrst um mánaðartíma er ráðin til vistar að Hjarðarholti í Mýrasýslu, og að hún hafi verið föluð til þar eptir að vera við mjólkurstörf um lengri eður skemri tíma á Bessastöðum á Álptanesi, og skora á yður að bera yður saman við stjórn búnaðarfjelags suðuramtsins og aðra málsmetandi menn í umdöemum yðar um, hvernig ferðum hennar síðar yrði bezt hagað svo, að kunnátta hennar og leiðbeining gæti komið sem flestum að notum. Þegar ár það, er styrkurinn er veittur fyrir, er liðið, vona jeg að fá frá yður skýrslu um ferðir hlutaðeiganda og árangur þann, er ætla má, að þær hafi haft.

*Skýrsla* frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdöminu til landshöfðingja um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Eptir að jeg hafði meðtekið hattvirt brjef herra landshöfðingjans, dags. 12. f. m., skrifaði jeg sýslumönnunum í Mýra- og Borgarfjarðar-, Gullbringu- og Kjósar- og Árnessýslum, og brýndi fyrir þeim innihald tjeðs brjefs í heild sinni, og skoraði sjerstaklega á þá, að gjöra sem allrafyrst almenningi kunnugt, að fjáreigöndum ekki verði leyft að setja fje á vetur í haust, nema því að eins, að þeir hafi hús handa kindum sínum og hey til að gefa þeim inni nokkurn tíma, meðan baðanir og lækningar fram fara, og að almennar baðanir fjárins í tryggilegu kláðabadi verði látnar fram fara í nefndum sýslum á næstkomandi hausti, og jafnframt var þeim boðið að áminna almenning um, að hafa í tækna tíma útvegað sjer hin nauðsynlegu baðmeðöl.

Jeg skal því næst í framhaldi af brjefi mínu, dags. 14. júní þ. á., og samkvæmt því, sem fyrir er mælt í ofan nefndu brjefi yðar, leyfa mjer að gefa eptirfylgjandi skýrslu um heilbrigðisástand fjárins og þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið. Samkvæmt því, sem viðtekið var á fundi amtsráðsins í miðjum júnímánuði, fyrirskipaði jeg á ný, að afrjettirnir í Ölfushreppi og Selvogshreppi í Árnessýslu og í Gullbringusýslu og þeim hluta Kjósarsýslu, þar sem nokkur grunur væri um kláða á fje, skyldu vandlega smalaðir eptir sömu reglum og í haustgöngum, allt fje síðan nákvæmlega skoðað og það fje badað, sem ekki fengist vissa fyrir, að áður hefði verið fullbadað og enginn kláði komið fram í því á eptir, og síðan ekki haft samgöngur við kláðasjúkt eða grunað fje. Var svo fyrir mælt, að baðanir þessar, ein eður tvær, eptir því sem nauðsynlegt væri, skyldu vera um garð genguar fyrir 2. júlí, og að allt fje skyldi geymast í sterkri gæzlu, þangað til þær hefðu fram farið, og svo þar eptir þangað til annað yrði leyft eða fyrirskipað. Til þess að hafa umsjón yfir hinum hjer um röeddu ráðstöfunum og skoðunum og taka þátt í þeim til þess, að þær yrðu sem allra áreiðanlegastar og fullkomnastar, voru skipaðir utansveitarmenn, er höfðu sjerstaklega þekkingu á kláðanum og kláðalækningum. Enn fremur var skorað á sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að láta það verða fjáreigöndum í Grindavíkur-, Hafna-, Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppum kunnugt, að svo framarlega sem kláði finnist í fje þeirra á næstkomanda hausti, og þeir ekki hafa hús og hey fyrir fjenað sinn, og ekki geti uppfyllt önnur þau skilyrði, sem útheimtast til þess að geta komið

Hinn 4. september 1875.

1875

57  
25ta  
ágúst.

rækilega fram lækningum um vetrartíma, þá mættu þeir vera við því búinir, að niðurskurði verði beitt stranglega, sem lögin heimila.

Við skoðanir þær, er samkvæmt þessu fram fóru um mánaðamótin júní og júlí fannst eptir skýrslu sýslumannsins í Árnessýslu enginn kláði í fje manna í Ölfus- og Selvogshreppum, en á afrijet Selvogsmanna fannst ein ær úr Grindavík með kláða, og var hún skorin. Eptir skýrslu sýslumannsins í Gullbringusýslu fannst enn við skoðanir þessar nokkur kláði í Grindavíkur-, Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppum; þar sem fjeð fannst veikt eða grunað, var það enn á ný baðað. Í Hafnahrepp fannst enginn kláði, og hvað hina hreppa sýslunnar snertir, þá voru þeir allir taldir heilbrigðir; þó hafði ein kind með kláða fundizt í Kjósinni, og var hún tekin til lækninga, og fje það, sem hún fannst í, baðað. Í Reykjavíkumdcæmi hafði ekki orðið vart við kláða, nema, ef til vill, í einni kind á Fúlutjörn, og var þó dýralæknirinn ekki viss um, hvort óþrif þau, sem í henni voru, væri kláði eður ekki; en skipað var að tvíbaða allt fje á bænum og sitja yfir því. Fyrir nokkrum dögum síðan hefur fundizt ein dilkær með kláðavotti á sama bæ, og hefur hún verið skorin, en annað fje þar reyndist við skoðun dýralæknisins heilbriggt. Baðanir á bæ þessum fram fóru undir umsjón dýralæknisins. Í skýrslu sinni, sem dagsett er 16. júlí, tekur sýslumaðurinn fram, að nú sjeu líkindi til að fje sje heilbriggt í 4 syðstu hreppum Gullbringusýslu, en þó sje þetta engan veginn víst, með því kláðinn að sumrinu eptir álitu reyndra lækningamanna geti leynst allt að 3 mánuðum í fjenu. Síðan hefi jeg fengið skýrslu um, að við skoðun, er fram fór 12. júlí, hafi í Rosmhvalaneshreppi fundizt kláðavottur í samtals 39 kindum, og hafi þegar verið rækilega borin tóbakssósa í allt það fje, sem vottur fannst í, og einnig það fje, sem grunað þótti; síðan hafði sýslumaðurinn 17. júlí skipað að tvíbaða allt þetta fje. Eptir því sem fregnir nú síðustu dagana hafa borizt, mun það mega álíta víst, að nokkur kláði sje enn í suðurhluta Gullbringusýslu, og hef jeg nýlega fengið skýrslu frá sýslumanninum í Árnessýslu um, að komið hafi að varðlínunni meðfram Ölfusá og Hvítá 20—30 kindur, allar af Suðurnesjum, og hafi 4 þeirra verið með kláða; hinar kláðasjúku kindur hafi verið þegar drepnar eptir skipun sinni, en hinar allar, sem höfðu verið með þeim, hafi verið seldar við opinbert uppboð til dráps þegar í stað. Með því þetta ber vott um, að fje hafi sloppið úr gæzlu þeirri, sem fyrirskipuð hafði verið, hef jeg brýnt fyrir sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að hafa hið sterkasta eptirlit með því, að ekki sje sýnd óhlýðni gegn þeim fyrirskipunum, sem í þessu tilliti hafa gjörðar verið, að grenslast eptir, hverjir þegar muni hafa gjört sig seka í óhlýðni eður hirðuleysi, og að láta þá hina sömu sæta ábyrgð þar fyrir að lögum.

Í Borgarfjarðarsýslu hefur í sumar ekki orðið vart við fjárkláða þrátt fyrir ítrekaðar skoðanir, annarstaðar en á Efstabæ, nema hvað ein kláðakind fannst í Akrafjalli 25. júní-mánaðar, og var hún drepin, en allt það fje baðað, er líkindi voru til, að hún hefði haft samgöngur við. Hin síðasta almenna skoðun, sem jeg hef fengið skýrslu um, fram fór um síðustu mánaðamót, og fannst þá enginn kláði í sýslunni. Með tilliti til sauðfjárins í Efstabæ, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu hefur í brjefi, dags. 12. f. m., skýrt mjer frá, að þar eð meir en helmingur af fje þessu, sem frestað hafði verið að skera niður, en verið tekið til lækninga, við skoðun í miðjum júní-mánuði hafi reynst kláðaveikt, og hann eigi hafi haft ástæðu til að trúá eigandanum fyrir gæzlu á því sumarlangt, en erfitt hafi gengið að fá duglega menn og áreiðanlega til að sjá um það, þá hafi hann ráðið af, að láta skera það niður eptir þeim myndugleika, sem honum þar til hafði verið veittur af amlinu. Jafnframt skal þess getið, að sjáreisandinn, sem hafði sýnt hirðuleysi og óhlýðni gegn fyrirskipunum yfirvaldanna, hefur, eptir

að höfðað hafði verið opinbert pólitímal móti honum, og hann hafði beiðzt þess, að málið væri útkljáð með amtsúrskurði, verið seklaður um 20 krónur.

*Brjef landshöfðingja* (til allra sýslumanna)'.  
1875  
57  
25ta  
ágúst.

Með því að í ráði er að setja nefnd til að hugleiða skattamál landsins, og alþingi hefur skorað á mig að safna handa nefnd þessari nákvæmum skýrslum um gjöld til almennings þarfa, sem nú eru greidd, skal jeg mælast til þess að þjer, herra sýslumaður, sendið mjer sem fyrst í síðasta lagi með fyrsta pósti að ári, eptirrit eptir manntalsbókum og aukatekjubókum embættis yðar fyrir hin síðustu 5 ár (1871—75), og býst jeg við að eptirrit þessi skýri frá, hvenær hin einstöku gjöld hafi verið greidd, og á hvern hátt þetta hafi verið (í peningum, með ávísun á kaupmenn eður í landaurum).

Þar að auki óska jeg mjer tjáð, eptir hverjum reglum gjaf tollurinn hafi verið tekinn í umdæmum yðar, og hvort hinn svo kallaði samlagningarskattur hafi verið reiknaður.

*Auglýsing* (frá landshöfðingja).  
58  
26tta  
ágúst.

Til upprætingar fjárkláða þess, sem síðastliðinn vetur gjörði vart við sig í ýmsum sveitum í millum Hvítáanna í Borgarfirði og Árnæssýslu, og sem óttast má fyrir að kynni að hafa breiðzt út þaðan í sumar þrátt fyrir verði þá, er settir hafa verið um hið nefnda svæði, skipast svo fyrir:

1.

Frá 1. septbr þ. á. og til sumarmála næsta árs skulu bannaðir allir fjárrekstrar og fjárflutningar úr sveitum á svæðinu milli Hvítáanna í önnur hjeruð og eins frá öðrum hjeruðum inn á þetta svæði. Sömuleiðis skal bannað á sama tíma að flytja eður reka fje úr öðrum sveitum milli Hvítáanna til 4 syðstu hreppanna í Gullbringusýslu og Selvogshrepps, og að reka fje til lífs úr þessum hreppum í aðrar sveitir á hinu grunada svæði milli Hvítáanna.

Brjóti nokkur gegn banni þessu, skal hreppstjóri í sveit þeirri, þar sem hinar fluttu kindur finnast, skyldur að kyrsetja þær, eður afurðinn af þeim, til tryggingar fyrir sektum þeim og málskostnaði, er leitt getur af slíku afbroti, samkvæmt 294. gr. hegningarlaganna<sup>2</sup>.

2.

Hreppstjórar í öllum sveitum á svæðinu milli Hvítáanna skulu sem allrafyrst með aðstoð hreppsnefnda safna skýrslum um fjárhús og heybirgðir sjerhvers fjáreiganda í hreppnum og um tölu kinda þeirra, er hann að álitu nefndarinnar og hreppstjórans geti haft til lækningameðferðar í vetur, og semur hreppsnefndin um þetta innan septembermánaðarloka þ. á. aðalskrá eptir hjálagðri fyrirmynd a<sup>3</sup>, í tvennu lagi. Aðra sendir hún þegar

1) Sama dag var skipað umboðsmönnum að senda landshöfðingja eptirrit eptir hinum árlegu skrásetningum fyrir síðastliðin 5 ár (1871—75) um landsskuldir og leigur af umboðsjörðunum, og ágríp af reikningum umboðsmanna fyrir þessi ár, er sjá megi af, hve mikið af umboðstekjunum hafi runnið í landsgjöld á hverju ári.

2) Í þessari grein er meðal annars skipað svo fyrir: „Hver sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um, til þess að af stýra útbreiðslu næms sjúkdóms á húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd.“ — 40 krónur.

3) „Skrá yfir húsrúm og heybirgðir sauðfjáreiganda í N. N. hreppi N. N. sýslu og áætlun um tölu kinda þeirra, sem sjerhver geti sett á votur, ef innigjöf er ætluð hverri kind hálfan mánuð eða lengur fram yfir hinu vanalega gjafatíma“. Í þessari fyrirmynd eru eyður fyrir nöfn og hefmili allra sauðfjáreiganda í hreppnum, tölu kinda þeirra, er sjerhver fjáreigandi hefur hús fyrir, heyfóður það, sem hann ætlar sauðfje sínu í vetur,